




Karítas missti eiginmann sinn, börnin þrjú og vini vegna spilafíknar. Svo ekki sé talað um efnislega hluti.

Flestir spilafíklar eru með fíkn í spilakassa. Þeir hafa verið lokaðir í samkomubanni. Heitasta ósk þriggja viðmælenda Kompáss er að kassarnir verði ekki opnaðir aftur.

Tæplega sex þúsund Íslendingar eiga við verulegan spilavanda að stríða og hátt í 700 eru hugsanlegir spilafíklar. Rannsóknir sýna að flestir í þessum hópi séu með fíkn í spilakassa en þeir hafa verið lokaðir stóran hluta ársins vegna kórónuveirufaraldursins.

Í Kompás heyrum við sögur þriggja spilafíkla sem allir segja lokunina hafa haft gífurlega góð áhrif og jafnvel bjargað lífi þeirra.



Karítas Valsdóttir er 32 ára, þriggja barna móðir, sem glímt hefur við spilafíkn frá unga aldri. Aðeins níu ára gömul byrjaði hún að fara í svokallaða sjoppukassa með nánnum fjölskyldumeðlimum. Karítas lýsir uppvexti sínum í þættinum, fátæktinni og peningaáhbyggjum.

“ Margar nætur grét ég yfir því að þetta væri til. Ég óskaði þess svo heitt að það væri hægt að taka þetta burt. Af því að fjölskylda og vinir gátu ekki hætt

Sjálf var Karítas farin að spila af fullum þunga á unglingsárum, hún eignaðist kærasta sem einnig var spilafíkill og varð ólétt 17 ára. Karítas var harðákveðin í að hætta þegar barnið væri komið í heiminn.



„Því ég vissi hvernig er að alast upp í kringum spilafíkla og hvað þetta brýtur barn niður. En svo eignast ég barnið og ég get ekki hætt.“

Skildi ungabarn eftir eitt heima

Karítas varð einstæð móðir en fann alltaf leiðir til að komast í spilasalina. Í þættinum lýsir hún því hvernig hún tók barnið með sér í spilakassana. Eftur að fólk gerði athugasemdir við það skildi hún það eftir eitt heima.

“Ég svæfði hann heima í vöggunni og skildi hann bara eftir því hann var hvort eð er sofandi. Ætlaði bara að vera stutt en svo gleymdi ég mér fyrir framan kassann. Svo kom ég heim og þá var hann vakandi, útúrgrátinn, rauður í andlitinu og búinn að kúka á sig. Þetta er ógeðslegt.

Karítas segist alltaf hafa lofað sér að gera þetta aldrei aftur. „En svo gerði ég þetta alltaf aftur.“

Braut upp baukana hjá börnunum

Barnavernd hafði þó aldrei afskipti af Karítas enda bendir hún á að spilafíkn sé mjög falin.

Karítas fór í meðferð og náði níu árum án spila, hún kynntist öðrum manni, átti hamingjurík ár í hjónabandi og eignaðist tvö börn í viðbót. En svo lenti hún harkalega aftur á botninum.

„Ég lendi í raun á sama stað og ég endaði. Ég braut upp baukana hjá börnunum um miðjar nætur og var komin aftur á þann stað að langa að deyja,“ segir Karítas.

Á aðeins þremur mánuðum spilaði hún allt frá sér.

“ Spilakassarnir tóku allt frá mér. Allt sem ég var búin að vinna upp á níu árum, hjónabandið, fjölskylduna, samskipti við börnin og vini. Ég rústaði öllu á einu bretti á þremur mánuðum.

Karítas var svo langt leið að hún sá enga aðra leið en að gefa eftir forræði yfir börnunum sínum til föður þeirra.





Spilasalir hafa verið lokaðir í tvo mánuði. En þeir munu opna aftur þegar létt verður á samkomubanni. Spilafíklar kvíða þeim degi.

VÍSIR/BALDUR HRAFNKELL

„Út af því að hann er góður maður og getur hugsað um þau fjárhagslega. Þau eru í góðum höndum og ég gat ekki gert þeim það að vera í þeirra lífi.“

100 þúsund á klukkutíma

Sesselja G. Sigurðardóttir, sem alltaf er kölluð Sessa, hefur verið spilafíkill í þrjátíu ár og aldrei náð tókum á fíkninni til lengri tíma. Henni hefur þó gengið vel í baráttunni við Bakkus og verið edrú til fjölda ára. Hún segir spilafíknina mun sterkari og að eina ástæðan fyrir því að hún hafi ekki spilað í tvo mánuði sé að spilasalirnir eru lokaðir.



Sessa átti sérstaklega erfitt tímabil rétt áður en skellt var í lás. Hún er með eigin rekstur í miðbænum og notaði hvert tækifæri til að komast í spílasalinn á næsta horni - og spilaði nánast allt frá sér.

„Ég fer með hundrað þúsund og það er búið eftir klukkutíma. Þá fer ég með 500 þúsund og get þá spilað í þrjá tíma en það er heldur ekki nóg. Ég er búin að klippa mörg debetkort á leið heim úr spílasalnum. Ég held ég hafi endurnýjað kortið mitt í fyrra tólf eða þrettán sinnum.“

Þrátt fyrir sterka fíkn finnur Sessa ekki fyrir fráhvörfum.

„Það er öðruvísi þegar það er ekki hægt að spila. Það er engin leið fram hjá því,“ segir Sessa og bætir við að henni hafi liðið vel síðustu tvo mánuði. „Bara æði. Bara virkilega!“

En það hefur ekki alltaf verið svona bjart yfir.

“ Síðustu tíu ár ég hef hugsað um að fyrirfara mér. Þegar ég er búin að tapa öllu. Ég hef oft hugsað um að taka bílaleigubíl og klessa á næsta staur.

Stolið og logið frá sínum nánustu

Þorvarður Karl Þorvarðarson vinnur á vernduðum vinnustað og býr í íbúðarkjarna í Kópavogi, rétt hjá tveimur stórum spílasölum. Hann hefur spilað frá tíu ára aldri.

„Þetta vefur upp á sig á slíkum hraða að jörðin snýst ekki. Þetta gerist svo hratt,“ segir Þorvarður.



Mest hefur hann eytt yfir hundrað þúsund krónum í spilakassa á einum degi og eftir slíkan spiladag líður honum ekki vel. Þorvarður hefur falið fíkn sína og finnst óheiðarleikinn verstur.

„Ætli það versta sé ekki hvað maður er búinn að koma sér í mikil vandræði hjá fólki sem manni þykir vænt um. Sem þykir vænt um mann sjálfan á móti.

“ Og ég hef stolið frá því og logið eins og ég er langur til hvað ég ætla að gera, hikstalaust. Við erum betri lygarar en atvinnumenn í stjórnámálum.

Eftir tæplega fimmtíu ára baráttu tók Þorvarður gæfuspor þegar hann byrjaði að fara á fundi fyrir spilafíkla.

„Nú er ég búinn að ná þessu í hálf t. Og ég vona að æðri máttur gefi að ég nái öðru eins.

Hefur það áhrif að spilasalirnir séu lokaðir? „Já, til hins betra.“

Ákvörðun stjórnvalda að reka spilakassa

Fíknin í spilakassa er sterk. Hver leikur tekur stuttan tíma, frá því að stutt er á hnappinn þar til niðurstaða er fengin. Endurgjöfin er mikil, margir smávinningar og fólk telur sig hafa stjórn á leiknum. En það er ímynduð upplifun, enda leikurinn algjörlega háður tilviljunum.

Karítas, Sessa og Þorvarður eiga það sameiginlegt að fíkn þeirra einskorðast við spilakassa. Á Íslandi reka Íslandsspil og Happsdrætti Háskóla Íslands mörg hundruð spilakassa. Íslandsspil er í eigu Landsbjargar, Rauða krossins og SÁÁ, sem hefur þó ákveðið að draga sig út úr rekstrinum.

Brúttótekjur 2018

Samtals:

12.497.000.000

15.000.000.000

10.000.000.000

5.000.000.000



Happdrætti Háskóla Íslands:
7.990.000.000

Íslandsspil:
4.507.000.000

Spilað var fyrir ríflega tólf milljarða á árinu 2018. Stór hluti fer til Happdrættis Háskóla Íslands.

VÍSIR/HAFSTEINN ÞÓRDARSON

Happdrætti Háskólans er eins og sést umsvifameiri á markaði. Bryndís Hrafnkelsdóttir, forstjóri Happdrættis Háskóla Íslands, segir einfalt svar við því af hverju stofnunin stendur í rekstri spilakassa.

„Þetta er ákvörðun stjórnvalda og það er lögbundið hlutverk okkar að fjármagna húsbyggingar Háskóla Íslands. 24 byggingar hafa verið byggðar fyrir happdrættisfé með þeirri leið sem Alþingi hefur ákveðið,“ segir hún.

Vill láta banna sig í spilasölum

Af þremmenningunum er Sessa sú eina sem hefur prófað fjárhættuspil á netinu en hún setti sjálfa sig fljótt í bann. Sessa finnur hins vegar enga leið til að forðast spilakassana. Eina lausnin sé að fjarlægja þá.

„Ég hef oft grínast með það á þessum stöðum hvort það sé hægt að setja mig í bann. En það er bara fram á næsta dag. Það er aldrei sagt neitt þegar ég kem aftur. Ég er bara að biðja um að láta stoppa mig.“



Spilasalir setja fólk ekki í bann en með svokölluðum spilakortum, sem tekin hafa verið í notkun víða á Norðurlöndunum, væri hægt að stöðva Sessu og aðra sem eru í sama vanda. Með kortinu þarf fólk að skrá sig til þess að geta farið í spilakassana og leggja pening fyrirfram inn á kortið. Þetta getur auðveldað fólk að setja sér mörk um eyðslu og það getur sett sig sjálft í spilabann.

Happdrætti Háskólans hefur skoðað þessa leið en ekki er vitað hvenær þau verða innleidd.

„Það er einhver tími í það, ég þori ekki að fara með hversu langt,“ segir Bryndís. „Það er hægt að innleiða svona í áföngum en lengst er hægt að ganga með að þú í rauninni getir ekki spilað nema að þú sért með spilakort.“

Lokun haft góð áhrif á alla fjölskylduna

Karítas vill að spilakassar verði hreinlega bannaðir. Eftir að hafa farið í meðferð hefur hún náð þremur árum án spilakassa og segir samkomubann hjálpa til. Einnig sér hún góð áhrif á aðra fjölskyldumeðlimi, sem ekki hefur tekist að hætta.



„Það er allt annar ljómi yfir þeim og þau vilja hafa þetta svona áfram. Það er svo mikill léttir að þurfa ekki að fara. Ég bið til guðs að þeir opni ekki aftur og sýni skilning.“

“ Það er ekki hægt að sjá það í tölum hvað það er að bjarga mörgum að hafa þetta ekki opið. Þetta eyðileggur ekki bara spilafíkilinn heldur fjölskylduna líka

Karítas blæs á allar afsakanir um að spilafíklar fari þá beint á netið. Það séu svo margir spilafíklar sem séu eingöngu með fíkn í spilakassa.



Bryndís hjá Hapdrætti Háskóla Íslands segir það ekki ákvörðun þeirra að hætta rekstri spilakassa á meðan Alþingi ákveður svo.

„Þetta er okkar lögbundna hlutverk og við tökum hlutverki okkar alvarlega og reynum að sinna þessum rekstri með ábyrgum hætti,“ segir hún og telur upp þær leiðir sem eru farnar. Meðal annars að styrkja meðferðarúrræði, rannsóknir á spilaflíkn, Hjálparsíma Rauða krossins og með því að halda úti síðunni „Ábyrg spilun“ í samstarfi við Íslandsspil.

Spilakassar ekki það sama og netspilun

Bryndís segist hafa áhyggjur af netspilun sem óhindrað aðgengi sé að. En viðmælendur Kompáss eru allir á einu máli um að skýr skil séu á milli spilakassa og netspilunar. Þar að auki, eins og komið hefur fram, sé hægt að setja sig í bann við fjárhættuspili á netinu.



Íslandsspil og Hapdrætti Háskóla Íslands reka hundruð spilakassa. Viðmælendur Kompáss segja líf spilafíkla jafn mikils virði og þeirra sem njóta arðsemi kassanna, en gróðinn er VÍSIR/VILHELM

notaður til góðgerðamála, björgunarsveita og í byggingar Háskóla Íslands.

Karítas er í góðu sambandi við börnin sín í dag og vonar að henni hafi tekist að ná stjórn á spilaflíkn sinni fyrir lífstíð. Þorvarður horfir einnig bjartsýnn til framtíðar en Sessa segist bara geta vonað að hún fari ekki aftur í spilasalina þegar þeir verða opnaðir aftur. Enda er lokunin aðeins hliðarverkun á heimsfaraldri og ekki hugsuð til framtíðar.

„Ég get ekki lofað. Ég er búin að lofa svo oft og svíkja jafn oft. Ég ætla að gera mitt besta.“

Kompás

Heilbrigðismál

Fjárhættuspil

Fíkn

Athugið. Vísir hvetur lesendur til að skiptast á skoðunum. Allar athugasemdir eru á ábyrgð þeirra er þær rita. Lesendur skulu halda sig við málefnalega og hófstillta umræðu og áskilur Vísir sér rétt til að fjarlægja ummæli og/eða umræðu sem fer út fyrir þau mörk. Vísir mun loka á aðgang þeirra sem tjá sig ekki undir eigin nafni eða gerast ítrekað brotlegir við ofangreindar umgengnisreglur.

Fleiri fréttir
